

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Blönduóssbæ.

1. gr.

Af hundum í Blönduóssbæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Blönduóssbæ, nr. 242/2004.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald vegna hundahalds skal vera kr. 15.120 fyrir hvern hund. Sé hundur skráður eftir að frestur til þess rennur út skal innheimt leyfisgjald kr. 18.165.

3. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi sem innheimt er samkvæmt 2. gr. Kostnað við hundahreinsun skal endurgreiða hundeiganda gegn framvísun á reikningi fyrir hundahreinsun. Í þessu sambandi vísast til e- og f-liða 2. gr. samþykktar um hundahald á Blönduósi nr. 242/2004, sem kveða á um skyldur hundeigenda til að hafa hunda sína ábyrgðartryggða og er tryggingin innfalin í gjaldinu enda sé það í skilum.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds kr. 8.400.

Önnur afhending hunds kr. 15.120.

Þriðja afhending hunds kr. 23.100.

Við afhendingu hunds sem ekki er gilt leyfi fyrir kr. 18.165.

Að auki skal umráðamaður hunds greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

5. gr.

Gjalddagi leyfisgjalda er 1. maí og eindagi 15 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

6. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

7. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Blönduóssbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samanber samþykkt um hundahald á Blönduósi nr. 242/2004, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Samþykkt í bæjarstjórn Blönduóssbæjar 21. desember 2010 og í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra 18. apríl 2011.

Blönduósi, 27. apríl 2011.

Arnar Þór Sævarsson bæjarstjóri.